

Fáliðunaráætlun Heilsuleikskólans Suðurvalla

Fáliðun í leikskóla telst vera þegar fáir starfsmenn eru við vinnu miðað við fjölda barna hverju sinni. Fáliðun er fundin út með líkani sem reiknar út hlutfall starfsmanna og barna á hverjum tíma dagsins. Viðmið leikskólans er að barngildi fari ekki yfir 8 á hvern starfsmann þegar unnið er eftir skipulagðri dagskrá samkvæmt dagskipulagi.

Fáliðun getur skapast þegar ekki næst að ráða leikskólakennara/starfsmann eða þegar margir starfsmenn eru forfallaðir.

Ef grípa þarf til þessar áætlunar er það fyrst og fremst gert til að:

- Tryggja öryggi barna.
- Leikskólinn geti sinnt kennsluhlutverki sínu samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla 2011 fyrr þau börn sem eru í leikskólanum hverju sinni.
- Fyrirbyggja aukið álag á starfsmenn leikskólans.

Aðgerðir til að mæta fáliðun

Áður en gripið er til skerðingar á dvalartíma skoða skólastjórnendur hvernig mögulega mætti hagræða skipulagðri starfsemi. Litið skal til eftirfarandi þátta:

- Afleysingastöður fara á milli deilda eftir þörfum.
- Kennarar fresta undirbúningstíma eða vinna hann í yfirvinnu.
- Starfsmenn í hlutastarfi lengja daglegan vinnutíma sinn sé þess kostur og fá greidda yfirvinnu.
- Starfsmenn sleppa kaffitímum og fá þá greidda í yfirvinnu.
- Frestað að taka inn ný börn.
- Matreiðsla einfölduð ef eldhússtarfsmann vantar til starfa.

Neyðarstaða vegna fáliðunar

Komi upp sú staða að skerða þarf dvalartíma barna skal ákvörðun um það tekin í samráði við leikskólastjóra. Skólastjórnendur leggja til með hvaða hætti skerðingin verður og litið er til eftirfarandi þátta:

- Skerðing getur verið fólgin í því að börn eru heima hluta úr degi eða allan daginn.
- Leitast skal við að tilkynna foreldrum um skerðingu með eins löngum fyrirvara og kostur er.
- Tryggt sé að öll börn verði fyrir skerðingu einu sinni áður en skerðing kemur til framkvæmda öðru sinni.
- Systkini eru heima á sama tíma.
- Til að koma í veg fyrir frekari skerðingu skulu börn starfsmanna ekki send heim.